

11. nóvember 2016

Starfshópur um frístundaakstur – mál nr. 1610266

Mættir: Unnur, og Margrét og Geir starfsmaður hópsins.

Forföll: Karólína

Gestur: Guðmundur Ragnar annar stofnenda Frístundabílsins

Fundað: Kl 8:15 og í Keili, fundarherbergi þriðju hæð skrifstofu fræðslu- og frístundapjónustu. Fundi lauk 9:25.

Dagskrá:

1. Farið yfir skipunarbréf starfshópsins
2. Yfirlit um frístundaakstur nágrannasveitarfélaga frá skólavetrinum 2015/2016 lagt fram
3. Óskað eftir kynningu frá Strætó á innanbæjarakstri hér og nýtingu á honum á næsta fund.
4. Guðmundur rakti söguna bakvið Frístundabílnum en hann og Pálmar Sig hjá Hópþílum bjuggu verkefnið til. Þeir notuðu eigin reynslu sem feður sem skutluðu börnum sínum á æfingar sem grunn að verkefninu og að sú hefð væri ríkjandi að allir ættu að hafa aðgang að öllu íþrótt- og frístundastarfi. Markmiðið var að bíllinn væri öruggur staður sem fluttu krakkana fram og tilbaka á öruggan hátt fyrir alla. Gerð var góð áætlun sem tók á flestum málum tengdum akstrinum og má segja að það hafi ekkert gengið illa eða komið upp alvarleg mál í akstrinum og í því kerfi öllu. Krakkarnir litu á bílinn sem sinn. Tíðnin var 20 mínútur og hægt var að stoppa víðar en Strætó. Iðkenda fjöldi náði aldrei takmarki þeirra, minnkaði eftir því sem á leið og styrktaraðilar drógu sig rólega tilbaka. Ákveðið var af Hafnarfjarðarbæ að auka þjónustu Strætó og hætt við stuðning við Frístundabílnum og einbeita sér að einu samgöngukerfi og þannig lauk starfsemi hans.
Hugmyndir ræddar um gildi bíllsins, hvort hann og kerfið í kringum hann hafi verið flókið og ekki nægilega einfalt, útfærslur og tengingu við niðurgreiðslukerfið
5. Það kostar um 70 þúsund á dag að vera með heila rútu í heilan dag í 8 klst. í innanbæjarakstri miðað við samninga bæjarins um akstur.
6. Rætt um skoðanakönnun meðal foreldra um nýtingarmöguleika á Frístundaakstri og gildi svara við spurningum sbr. könnun um Frístundabílinn.
7. Næsti fundur verður í lok nóvember eða byrjun desember að morgni þar sem fulltrúi Strætó kemur.

Geir ritar



HAFNARFJÖRÐUR